

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07 Dags.: 08.04.2010 Höfundur: GLÁ Samþykkt: HJS Síða 1 af 2		

ÍSL 202
Kennsluáætlun haustönn 2011

Kennari	Ásbjörg Benediktsdóttir, Kristín Árnadóttir	Sk.st.	ÁBE, KRÁ
----------------	---	---------------	----------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er farið yfir ýmsa þætti íslensks máls, s.s. stafsetningu, orðflokkagreiningu og greinarmerkjasetningu. Auk þess eru rifjuð upp undirstöðuatriði í meðferð ritaðs máls og farið yfir reglur um upptöku og frágang heimilda í skriflegum verkefnum. Nemendur vinna ýmis skrifleg verkefni, s.s. atvinnuumsóknir og rökfærsluritgerðir, en auk þess verður lögð áhersla á munnleg skil verkefna og reglur um framsetningu máls og munnlegan flutning rifjaðar upp í því sambandi.

Markmið:

Að nemandi:

- kunni og geti beitt helstu stafsetningarreglum
- þekki helstu orðflokka og geti nýtt sér þá kunnáttu í ræðu og riti
- kunni og geti beitt helstu reglum um greinarmerkjasetningu í texta
- kunni og geti beitt helstu reglum um meðferð og framsetningu ritaðs máls
- kunni og geti beitt helstu reglum um upptöku og frágang heimilda
- geti tjáð sig í ræðu og riti

Námsgögn:

Íslenska eitt, fyrst útgefin 2006, eftir Ragnhildi Richter o.fl.

Ítarefni með æfingum. Íslenska 202. Hefti, selt á skrifstofu VMA.

Áætlun um yfirferð:

1. Iota 22.8. - 16.9.

Kynning á áfanga og námsefni. *Íslenska eitt*, bls. 175 – 221. 5. kafli: „Álitamál og árekstrar.“ Farið yfir efni kaflans og rifjaðar upp helstu reglur um ritun, framsetningu og frágang ritaðs máls. Nemendur vinna grind að rökfærsluritgerð, bæði hvað varðar hugmyndir og uppbryggingu (5% af lokaeinkunn), og fullvinna síðan ritgerðina samkvæmt reglum þar um (20% af lokaeinkunn). Lotunni lýkur með því að nemendur kynna efni og niðurstöður ritgerða sinna munnlega (5% af lokaeinkunn). Samanlögd einkunn fyrir lotuna er 30% af lokaeinkunn.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07 Dags.: 08.04.2010 Höfundur: GLÁ Samþykkt: HJS Síða 2 af 2	ÍSL 202 Kennsluáætlun haustönn 2011	

2. Iota 19.9. - 30.9.

Íslenska eitt, bls. 223 – 251. 6. kafli: „Hvað ætlar þú að verða þegar þú ert orðin/n stór?“ Farið yfir efni kaflans og unnin ýmis skrifleg verkefni, s.s atvinnuumsókn og ferilskrá (15% af lokaiekunn). Nemendur kynna framtíðaráform sín munnlega (5% af lokaiekunn) Samanlögð einkunn fyrir lotuna er 20%.

3. Iota 3.10. - 4.11.

Íslenska eitt, bls. 129 – 157. Stafsetning, orðflokkagreining og greinarmerkjasetning. Farið yfir framangreindatriði og unnin ýmis verkefni en lotunni lýkur með prófi sem gildir 30% af lokaiekunn.

4. Iota 7.11. - 30.11.

Íslenska tvö, bls. 37 – 47, 137 – 149. Kaflar um smíði og frágang heimildaritgerða og reglur þar að lútandi. Fjallað um upptöku og frágang heimilda (tílvitnanir, tilvísanir, heimildaskrá og unnin ýmis æfingaverkefni. Lotunni lýkur með verkefni sem gildir 20% af lokaiekunn.

Verkefni, námsmat og vægi námsþáttta:

Áfanginn er próflaus i annarlok en námsmat og lokaiekunn byggist á eftirfarandi verkþáttum annarinnar:

- | | |
|---------------------------------------|-----|
| 1. Iota: Skrifleg og munnleg verkefni | 30% |
| 2. Iota: Skrifleg og munnleg verkefni | 20% |
| 3. Iota: Próf í lotulok | 30% |
| 4. Iota: Heimildaverkefni | 20% |

Brýnt er að nemendur mæti vel og sinni skilvíslega verkefnavinnu sem að mestu fer fram í tínum.

Verkefnum skal skilað á tilsettum skiladegi hverju sinni, sbr. reglur þar um sem fylgja kennsluáætluninni.

Nemandi sem er veikur á prófdegi eða við önnur vinnuskil skal tilkynna það að morgni til skrifstofu skólans, annars missir hann próftökurétt sinn.

Þessi kennsluáætlun er birt með fyrirvara um hugsanlegar breytingar.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils